

Erlendur Björnsson
Seglbúðum
880 Kirkjubæjarklaustur

2000060062
8509; 9570; 9310

Reykjavík, 11. september 2000
/ÞFP

Efni: Framkvæmd við Árkvíslar í Skaftárhreppi

Vísað er til erindis þíns, dags. 22. júní 2000, þar sem samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er óskað eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Árkvíslar í Skaftárhreppi, sbr. auglýsingu í Lögbirtingablaðinu, 93. árg., 48. tbl. þann 17. maí 2000.

Skaftárhreppur telst framkvæmdaraðili verksins samkvæmt bréfi umhverfissráðuneytisins dags. 28. júlí 2000 og hefur sveitarstjórn Skaftárhrepps fallist á ósk umhverfissráðuneytisins um að vera framkvæmdaraðili tilraunarinnar hvað varðar ákveðna þætti með skilyrðum um að umhverfissráðuneytið standi fjárhagslega að baki tilrauninni bæði hvað varðar framkvæmdina sjálfa svo og skaðleysi hreppsins vegna hugsanlegra bótakrafna frá hagsmunaaðilum. Hlutverk Skaftárhrepps verður að tryggja lögformlega þætti framkvæmdarinnar skv. vatnalögum, skipulags- og byggingarlögum og náttúruverndarlögum og taka ákvarðanir um hvenær opna skuli og loka röri í stíflugarðinum við útfall Árkvísla í samræmi við fyrirbyggjandi tillögur um vatnsstýringu.

Í framlögðum gögnum Skaftárhrepps kemur fram, með tilvísun til minnisblaðs umhverfissráðherra til ríkisstjórnar, dags. 10. maí 1999, að framkvæmdin sé hugsuð sem tímabundið tilraunaverkefni til allt að fjögurra ára, til að skapa með viðeigandi rannsóknum forsendur ákvarðanatöku um það hvort slíkum stýringum á rennsli vatns úr Skaftá út á Eldhraun verði beitt til frambúðar við Árkvíslar og víðar í Eldhrauni. Ef til þess komi sé mat á umhverfisáhrifum sjálfsgagt. Framkvæmdin felst í því að setja þrjú rör í skarð sem gert var, í stað tveggja röra, árið 1998 í fyrirhleðslur sem Vegagerðin hefur viðhaldið um áratugaskeið til að tempru rennsli úr Skaftá niður í Árkvíslar. Rennsli um eitt rörið verður hægt að takmarka. Bent er á að reynist tilraunin ekki skila tilætluðu markmiði sé hvenær sem er unnt að fjarlægja áformuð mannvirki.

Skipulagsstofnun leitaði álits Skaftárhrepps, Náttúruverndar ríkisins, Landgræðslu ríkisins,

Vegagerðarinnar og veiðimálastjóra og barst álit frá Skaftárhreppi með bréfi dags. 18. ágúst 2000, Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 22. ágúst 2000, Landgræðslu ríkisins með bréfi dags. 25. ágúst 2000, Vegagerðinni með bréfi dags. 28. ágúst 2000 og veiðimálastjóra með bréfi dags. 28. ágúst 2000.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps telur að umrædd framkvæmd sé ekki matsskyld skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Náttúruvernd ríkisins bendir á að allar framkvæmdir til stjórnunar á rennsli Skaftár muni geta haft áhrif á svæði á náttúruminjaskrá nr. 704 Grenlækur, 705 Steinsmýrarflóð og 759 Skálarheiði, Rauðhóll, Brunuhólar og Hálsíggar. Stofnunin telur að allar langtímaáætlanir um stjórnun á Skaftá skuli háðar mati á umhverfisáhrifum en að framangreind framkvæmd þurfi ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum svo framarlega sem að eingöngu sé um tilraunaverkefni að ræða til fjögurra ára og að framkvæmdin nái eingöngu til þess sem lýst sé í auglýsingu í Lögbirtingarblaðinu 17. maí sl. Jafnframt verði tryggt að fram fari viðeigandi vöktun á svæðinu allan tímann meðan á tilrauninni stendur bæði hvað varðar vatnsbúskap sem og annað náttúrufar. Stofnunin telur að liggja þurfi fyrir vöktunar og rannsóknaráætlun og að niðurstöður úr tilraunaverkefninu sé hægt að nota sem hluta af mati á umhverfisáhrifum ef farið verður í frekari aðgerðir.

Landgræðsla ríkisins telur að af veitingum vatns úr Skaftá á Eldhraun (Árkvíslar og við Skál) leiði að hraunið fyllist af sandi og leir sem gerir hvorutveggja að þetta hraunið svo æ minna yfirborðsvatn leki til grunnvatns og að til sandfoks komi sem aftur rýri gróður þann sem í hrauninu er og breyti gróðurframvindu þess varanlega. Hvorutveggja leiði til landspjalla bæði í hrauninu og við jaðra þess og þess verði ekki langt að bíða, haldi áveitur áfram, að Skaftá renni á yfirborði í Tungulæk og niður í Fljótsbotn og breyti þar með þeim vötnum endanlega í jökulvötn. Áhrifin muni koma tiltölulega fljótt fram og þau verði algerlega óafturkræf. Sú breyting sem gerð verði á viskerfinu verði ekki lagfærð til fyrra horfs með neinu móti. Það sé ennfremur ekki mögulegt að sjá fyrir sér að fullu þá þróun vistkerfisins sem fara mun af stað við núverandi og fyrirhugaðar áveitur.

Landgræðslan telur að auglýst framkvæmd og útfærsla hennar sé spor í rétta átt en gangi allt of skammt til að vernda gróðurríki Eldhrauns. Æskilegt sé að samhliða verði farið í fullkomna stjórnun rennslis við Skálarál. Fram kemur að verði fyrirhuguð framkvæmd talin falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum verði það verk ekki unnið og ekkert verði af framkvæmdum. Núverandi ástand muni leiða til þess að eyðing þeirrar náttúruþerlu sem Eldhraunið er muni taka mun skemmri tíma en ella.

Landgræðslan telur að þegar horft sé til allra þátta viðauka 3 í lögum um mat á umhverfisáhrifum sem og viðeigandi liða í viðauka 2 sé ljóst að öll rök hnígi í þá átt að rétt sé að umhverfisáhrif fyrirhugaðra áveitufamkvæmda við Árkvíslar verði metin. Æskilegt sé að horft verði á málið allt, þ.e. veitingar vatns í Eldhrauni, í samhengi en fyrirhugaðar áveitur við Árkvíslar ekki teknar til meðferðar einar og sér.

Vegagerð ríkisins bendir á að markmið framkvæmdarinnar sé að draga úr framburði jökulaurs á Eldhraun og úr spjöllum á gróðri vegna ágangs vatns og framburðar en einnig sé nauðsynlegt að grípa til aðgerða til að hefta sandfok sem orðið sé verulegt og vaxandi vandamál vegna hins mikla fínefnis sem berst í hraunið með framburði Skaftár. Í ljósi framlagðra gagna gerir Vegagerðin ekki athugasemd við framkvæmdina og þar sem ástand vatnsvanda í Eldhrauni muni lítið breytast á tilraunatímanum séu ekki efni til að krefjast mats á umhverfisáhrifum á þessu stigi.

Veiðimálastjóri telur í ljósi fyrirbyggjandi gagna að tilraunin sé ein af forsendum þess að hægt sé að taka afstöðu varðandi raunhæfar aðgerðir til að leysa vandamál vegna grunnvatns í miðju Eldhrauni, til frambúðar, en mat á umhverfisáhrifum slíkra aðgerða fari tvímælaust fram. Með vísan til 43. greinar laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum gerir hann ekki athugasemd við tilraunina og sér ekki ástæðu til að setja hana í mat á umhverfisáhrifum, enda verði tilraunin gerð upp og málið tekið til endurskoðunar í lok tilraunatímabils.

Niðurstaða

Erlendur Björnsson, Seglbúðum, tilkynnti fyrirhugaða framkvæmd við Árkvísar í Skaftárhreppi til Skipulagsstofnunar með tilvísun til 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Um er að ræða vatnsstjórnunarframkvæmdir sem samkvæmt 6. gr. og liðum 1c og 10d í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram við tilkynningu, aflað frekari upplýsinga frá Skaftárhreppi og umhverfisráðuneyti og aflað álits Skaftárhrepps, Náttúruverndar ríkisins, Landgræðslu ríkisins, Vegagerðarinnar og veiðimálastjóra.

Framkvæmdin er tilraun til stjórnunar rennslis um Árkvísar í Skaftárhreppi til 4 ára. Afmarkaður tími verður þá veittur til þess að afla grunnupplýsinga sem eru nauðsynlegar við undirbúning ákvarðana um aðgerðir til framtíðar er varða áhrif á grunnvatnsrennslis um Eldhraun, gróður og sandfok og þar með nýtingu lands og hlunninda. Framkvæmdin hefur áhrif á grunnvatnsrennslis til svæðis sem er á náttúruminjaskrá. Framkvæmdin er takmörkuð að umfangi og hefur áhrif á hluta þeirra áveituaðgerða sem fram hafa farið við Eldhraun. Miðað við ríkjandi ástand leiðir eðli framkvæmdarinnar ekki til umtalsverðra umhverfisáhrifa og gefur því ekki tilefni til mats á umhverfisáhrifum.

Eldhraun er landslagsgerð sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd, þar eru upprunaleg gróðurlendi og það hefur sögulegt gildi. Framkvæmdin hefur m.a. það markmið að kanna möguleika á að draga úr neikvæðum áhrifum á framangreinda þætti í framtíðinni, hún er tímabundin þó öll áhrif hennar séu ekki afturkræf, veldur ekki umtalsverðum umhverfisáhrifum umfram það sem á sér stað í dag og gefur því ekki tilefni til mats á umhverfisáhrifum.

Af framlögðum gögnum er ljóst að aflu þarf nánari vitneskju um áhrif vatnsveitinga út á Eldhraun á grunnvatn og lindir er undan því koma og tilraun þessi sé liður í því að aflu nánari þekkingar og undirbúa framtíðaraðgerðir. Nefnd um vatnsvanda í Eldhrauni hefur gert tillögur um rannsóknir til umhverfisráðherra er tengjast þessari tilraun. Fram kemur að Skaftárhreppur, Náttúruvernd ríkisins, Landgræðsla ríkisins og veiðimálastjóri telja að aðgerðir sem eigi að stuðla að framtíðarlausn eigi að fara í mat á umhverfisáhrifum.

Í ljósi fyrirbyggjandi gagna er það mat Skipulagsstofnunar að ekki skuli fara fram mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar 4 ára tilraunarframkvæmdar við Árkvísar í Skaftárhreppi sbr. auglýsingu í Lögbirtingablaðinu, 93. árg., 48. tbl. þann 17. maí 2000.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 11. október 2000.

Stefán Thors

Póroddur F Póroddsson

Fylgiskjöl:

Álit frá Skaftárhreppi dags. 18. ágúst 2000, Náttúruvernd ríkisins dags. 22. ágúst 2000, Landgræðslu ríkisins dags. 25. ágúst 2000, Vegagerðinni dags. 28. ágúst 2000 og veiðimálastjóra dags. 28. ágúst 2000. Bréf umhverfisráðuneytisins dags. 10. ágúst 2000, bréf Skaftárhrepps dags. 25. ágúst 2000, bréf nefndar um vatnsvanda í Eldhrauni dags. 5. september 2000.

Afrit.

Umhverfisráðuneytið
Landbúnaðarráðuneytið
Skaftárhreppur
Náttúruvernd ríkisins
Landgræðsla ríkisins
Vegagerðin
Veiðimálastjóri